

---

## LANDEYJAHÖFN

### Stækkun dýpkunar- og losunarsvæðis Ákvörðun um matsskyldu

---

#### Inngangur

Þann 9. október 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða stækkun dýpkunar- og losunarsvæðis við Landeyjahöfn samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings eystra, Hafrannsóknastofnunar og Umhverfisstofnunar.

#### Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Landeyjahöfn, stækkun dýpkunar- og losunarsvæðis. Fyrirspurn um matsskyldu. Vegagerðin, september 2015.

Umsagnir bárust frá:

- Rangárþingi eystra með tölvupósti dags. 16. nóvember 2015.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 30. október 2015.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. október 2015.

#### Fyrirhuguð framkvæmd

##### Fyrri framkvæmdir

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að í matsskýrslu fyrir Bakkafjöruhöfn hafi verið gert ráð fyrir dýpkun upp á samtals 300.000 m<sup>3</sup> og árlegri dýpkun í innsiglingarrennu, snúningssvæði innan hafnar og á rifinu framan við höfnina til að viðhalda nauðsynlegu dýpi. Í matsskýrslunni var heildarmagn viðhaldsdýpkunar áætlað um 30.000 m<sup>3</sup> árlega og eftir aftakaveður var reiknað með að gæti þurft að fjarlægja um 80.000 m<sup>3</sup> úr innsiglingarrennunni. Forsendur mats á viðhaldsdýpkun hafa ekki staðist. Nauðsynleg viðhaldsdýpkun reyndist meiri og í október 2011 óskaði Siglingastofnun eftir leyfi fyrir 300.000 m<sup>3</sup> viðhaldsdýpkun árlega. Magn viðhaldsdýpkunar á árunum 2011–2014 hefur verið að meðaltali 278.500 m<sup>3</sup> og hafa dýpkunarsvæðin verið óbreytt frá 2011.

##### Framkvæmdaáform

Nú stendur til að stækka dýpkunarsvæðið fyrir utan höfnina og er tilgangurinn að bæta flæðið framhjá höfninni þannig að nægjanlegt dýpi haldist lengur og minna setjist í höfnina. Mun það hafa í för með sér viðbótar dýpkun á árinu 2015 um 200.000 m<sup>3</sup> og 2016 um 100.000 m<sup>3</sup> alls 300.000 m<sup>3</sup> umfram þá tæplega 300.000 m<sup>3</sup> árlegu dýpkun sem verið hefur að jafnaði, en það er þá dýpkun innan hafnar, við garða og á rifinu.

Heildardýpkun fyrir árið 2015 er þá 500.000 m<sup>3</sup> og árið 2016 um 400.000 m<sup>3</sup> og 2017 um 300.000 m<sup>3</sup>. Eftir að ný ferja verður tekin í notkun er áætlað að árleg viðhaldsdýpkun verði um 200.000 m<sup>3</sup>.



Vonast er til að hún hefji siglingar vorið 2018. Magnið er áætlað og getur sveiflast verulega milli ára eftir veðurfari.

Önnur breyting á framkvæmdinni er að til stendur að sameina þrjá losunarstaði og verða þeir stækkaðir þannig að um einn stað sé að ræða. En að auki var sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar árið 2012 til að varpa hluta af efninu á rífið fyrir framan höfnina til að auðvelda innsiglingu.

### Umhverfisáhrif

Í greinargerð Vegagerðarinnar er vitnað í úttekt þar sem Hafrannsóknarstofnun og Þekkingarsetur Vestmannaeyja gerðu árið 2011 grein fyrir áhrifum varps dýpkunarefna á svæðunum. Kom fram að svæðin einkenndust af lítilli tegundafjölbreytni og fáum einstaklingum vegna mikils ölduróts, sterkra strauma og mikils tilflutnings á botnseti. Því telur framkvæmdaraðili að ekki sé ástæða til að ætla að aðstæður séu öðruvísi á þeim svæðum sem fara undir nýtt stærra losunarsvæði. Niðurstaða Þekkingarseturs Vestmannaeyja sé að losunarsvæðin hafi ekki að geyma sjaldgæfar tegundir og ekki þann líffjölbreytileika sem vert er að friða eða varðveita sérstaklega. Það er mat Þekkingarseturs Vestmannaeyja að lífríki svæðisins ætti ekki að hafa áhrif á stækkun losunarreits.

Í viðauka með greinargerð Vegagerðarinnar er að finna mat Þekkingarseturs Vestmannaeyja á losunarstað með tilliti til botndýralífs dags. 25. september 2015. Þar kemur fram að botndýralíf á losunarsvæðunum sé mjög fábrotið og einkennist svæðin af miklu ölduróti og setflutningum. En það geri það að verkum að erfitt sé fyrir botndýralíf að dafna á svæðinu. Með því að sameina svæðin í eitt aukist ekki neikvæð áhrif sandflutningsins sem neinu nemi umfram það sem náttúrulegur setflutningur hefur á svæðinu. Lífríki svæðisins eigi því ekki að koma í veg fyrir það að svæðin verði sameinuð.

Fram kemur í umsögnum Rangárþings eystra, Hafrannsóknastofnunar og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé að þeirra mati ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða ekki matsskyld.

### Leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar, samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

### Niðurstaða

Um er að ræða stækkun dýpkunar- og losunarsvæðis við Landeyjahöfn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði óveruleg á lífríki þar sem hafsbotninn er mjög kvikur vegna mikils ölduróts og setflutninga. Fyrir vikið eru náttúruleg skilyrði fyrir lífríkið erfið og eru efnisflutningarnir ólíklegir til að rýra þau frekar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun dýpkunar- og losunarsvæðis við Landeyjahöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. desember 2015.

Reykjavík, 20. nóvember 2015

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson